

Ekki má eigandi dráttarvélar eða jeppabifreiðar selja hana, nema með samþykki stjórnar búnaðarfélags, þar sem hann er búsettur.

- f. (18. gr.) Að skiptum loknum tilkynnir nefndin hlutaðeigandi umsækjendum úthlutun vélnanna og bifreiðanna.
- g. (19. gr.) Sá, sem tilkynningu fær um úthlutun dráttarvélar eða jeppabifreiðar, skal afhenda tilkynninguna þeim innflytjanda, er flytur inn þá dráttarvéla- eða jeppabifreiðategund, er hann óskar að fá. Innflytjandinn afhendir svo þær tilkynningar, sem honum hafa borizt, þeim valdhafa, er gjaldeyri úthlutar, og skal hann eiga rétt á gjaldeyrisleyfi samkvæmt því.
- h. (20. gr.) Úthlutunarnefnd jeppabifreiða skal í októbermánuði ár hvert gera áætlun um það, hvað er nauðsynlegt að flytja inn á næsta ári af varahlutum til jeppabifreiða og dráttarvéla, sem til eru í landinu, og einnig innflutning á nyt-samlegustu verkfærum, sem aflvélnar geta dregið við vinnu og flutninga, svo að þær komi að sem bestum notum. Þessi áætlun sé send innflutningsyfirkvöldunum, og ber að leggja á það ríka áherzlu, að þessi innflutningur fái st.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal meginmál þeirra fært inn í lög nr. 43 frá 23. maí 1949 og lög in gefin út samkvæmt því í einu lagi með fyrirsögninni: Lög um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla.

Gjört að Bessastöðum, 27. janúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja fjórar jarðir og landspildu í opinberri eigu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi hreppsnefnda og sýslunefnda og skuldbindingu kaupenda um, að þeir geri jarðirnar að ættaróðali.

1. Þjóðjörðina Húsanes í Breiðuvíkurbreppi í Snæfellsnessýslu ábúanda jarðarinnar, Jóni Lárussyni.
2. Kirkjujörðina Skoruvík í Sauðaneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu ábúandanum, Birni Kristjánssyni.
3. Þjóðjörðina Bakkagerði í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum, Gesti Vilhjálmsyni.
4. Þjóðjörðina (eyðijörðina) Birgisvík í Árneshreppi í Strandasýslu.

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að selja Þórarni Guðjónssyni, Ásgarði í Hvollhreppi, 10 hektara spildu úr Tjaldhólalandi í Hvollhreppi í Rangárvallasýslu, sem skógrækt ríkisins keypti árið 1943, að fengnu samþykki skógræktar ríkisins og að því tilskildu, að land þetta verði lagt undir nýbýlið Ásgarð.

4 Söluverð jarða þessara og landspildu, sem hér um ræðir, skal ákveðið með mati
27. jan. dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. janúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestir brúttó að stærð, en 10000—20000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir brúttó. Skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk.

Brot gegn 2. gr. varða sektum 200—1000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestir brúttó að stærð, en 2000—10000 kr., ef skipið er yfir 200 rúmlestir brúttó. Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., ef um ítrekað brot er að ræða.

Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum í landhelgi, né undirbúningur gerður í því skyni, og má þá lúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum, 200—1600 kr.

Allar sektir samkvæmt grein þessari eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. janúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.